

gallerí  
**KLAUSTUR**  
2013

SIGURÐUR INGÓLFSSON

ÉG ÞAKKA

17.3. - 28.4.



## UM BÓKINA OG SÝNINGUNA

Fyrir rétt rúmum fjörutíu árum, þegar ég var fjögurra ára, varð ég næstum því úti, við að byggja stromp á snjóhús. Eins og maður gerir. Ég missti meðvitund um leið og mér var bjargað úr skaflinum og hafði þá reyndar sætt mig við það að deyja. Mér skilst að fingurnir á mér hafi verið glampandi hvítir, eins og lítil grýlukerti og með góðum vilja hefði verið hægt að brjóta þá af. Sem betur fer var það ekki gert. Þegar ég rankaði við mér undir hlýrri sæng á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri verð ég að viðurkenna að ég varð bæði hissa og glaður. Það eina sem angraði mig var að ég gat ekki notað hendurnar til að fletta bókum sem ég var að lesa, þannig að ég komst upp á lagið með að fletta með tánum.

Upp frá því og einnig eftir ýmis slys sem ég hef lent í, hef ég verið mjög þakklátur fyrir að fá að vera til. Það er nefnilega ekkert sjálfgefið.

Margt af því sem ég hef skrifað í gegnum tíðina hafa verið tilraunir í þá átt að skrifa þessa bók. Meðgangan hefur því verið löng en þegar hún fann sér loksins form í hausnum á mér, var hún orðin að því sem hún er núna. Frá því að þetta gekk allt saman upp, hef ég veri með hana í huga stanslaust. Ég var allt í einu með útlit og efnistösk á hreinu.

Grunnhugmyndin er sú að maður hafi þrátt fyrir allt sem á dynur, eitthvað að þakka.



Þetta er ekki sjálfshjálparbók. Þetta er alls ekki bók sem reynir að kenna nokkurn endanlegan sannleika. Þetta er einfaldlega mín túlkun á hluta af minni lífsskoðun.

Sýningin samanstendur af myndunum í bókinni, auk nokkurra annarra. Myndirnar eru gerðar með bleki á vatnslitapappír.

*Sigurður Ingólfsson*



SIGURÐUR INGÓLFSSON er fæddur á Akureyri 1966. Hann lauk BA-prófi í almennri bókmenntafræði frá HÍ 1990 og prófi í uppeldis- og kennslufræðum ári síðar. Árið 1995 kláraði hann fordoktorsgráðu í frönskum nútímabókmenntum og lauk doktorsgráðu í nútímaljódlist árið 2000 frá Universitè Paul Valèry með ritgerð um skáldskap Yves Bonnefoy. Sigurður hefur unnið við kennslu, leiðsögn, kvikmyndatöku þýðingar og skriftir.

Þetta er fyrsta einkasýning Sigurðar en áður hefur hann unnið að margskonar sýningarverkefnum með konu sinni, Ólöfu Björk Bragadóttur.

#### ÚTGEFIÐ FRUMSAMÍÐ EFNI

- 2009 *Elvis* – barnaleikrit um hund fyrir Leikfélag Fljótaldalshéraðs, sett upp um páska 2009 – Leikstjórn: Sigurður Ingólfsson.
- 2008 *Dúett*, sonnettsveigur. Ljóð. Myndir eftir Ólöfu Björk Bragadóttur.
- 2007 *Lisa í Undralandi* – leikgerð fyrir Leikfélag Menntaskólans á Egilsstöðum.
- 2003 *Þrjár sólir*. Ljóð. Egilsstaðir 2003
- 1992 *Heim til þín*. Ljóð. Reykjavík. 1995
- 1990 *Líf*. Ljóð. Reykjavík 1987
- 1986 *Kveðið sér hljóðs*. Ljóð. Með tveimur öðrum skáldum, Ugga Jónssyni og Ólöfu Ýri Atladóttur. Akureyri 1986
- 1986 *Húm*. Ljóð og ljóðabýðingar. Akureyri 1986

